

Skólaheilsugæsla

Hjúkrunarfræðingur sinnir Vogaskóla mánudaga – fimmtudaga. Viðtalstími er eftir samkomulagi. Hægt er að hafa samband við hjúkrunarfræðing með því að senda tölvupóst á netfangið: vogaskoli@heilsugaeslan.is og mun þá hjúkrunarfræðingur svara því eins fljótt og kostur er.

Heilsugæsla í skólum lýtur stjórn heilbrigðisyfirvalda og er hjúkrunarfræðingur skólans starfsmaður Heilsugæslunnar í Glæsibæ. Markmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að barn þroskist við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í náinni samvinnu við foreldra, kennara, skólastjórnendur og aðra sem sinna skólabarninu. Starf hans felst aðallega í heilbrigðishvatningu, fræðslu og ráðgjöf, að fylgjast með líkamsvexti og þroska, framkvæma sjónpróf og heyrnamælingar og aðstoða börn við úrlausnir vandamála sinna. Slasist barn í skólanum annast hjúkrunarfræðingur fyrstu hjálp en kennarar ef hann er ekki við. Þurfi barn að fara á slysadeild eða sjúkrahús er haft samband við foreldra og er æskilegt að þeir fylgi barninu og fái útfyllta beiðni frá skóla. Skólinn greiðir fyrir flutning og fyrstu tvær komur á slysadeild vegna slysa í skólum eða í ferðum á vegum skóla. Þurfi barn lyf í skólanum ber foreldrum að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing þar sem hann ber ábyrgð á lyfjagjöfum á skólatíma.

Reglubundin viðtöl og skoðanir eru sem hér segir:

- 1. bekkur:** Mæld hæð, þyngd, sjón og heyrn.
Þau börn sem **ekki** hafa farið í 5 ára skoðun fá bólusetningu fyrir barnaveiki, stífkrampa og kíghósta.
- 4. bekkur:** Mæld er sjón, hæð og þyngd.
- 7. bekkur:** Mæld er sjón, hæð, þyngd og litarskyn. Bólusett er fyrir mislingum, rauðum hundum og hettusótt.
- 9. bekkur:** Mæld er sjón, heyrn, hæð og þyngd. Bólusett er fyrir mænusótt, barnaveiki og stífkrampa.